



www.svanurinn.is
[facebook/svanurinn](https://facebook.com/svanurinn)

Fréttabréf Svansins

Mars 2015

Svanurinn 25 ára

Fyrir 25 árum tók Ísland þátt í að stofna eitt af merkustu umhverfismerkjum heims. Norræna umhverfismerkið Svanurinn og Svansvottuð fyrirtæki hafa síðan 1989 lyft grettistaki í að auka úrval af umhverfisvænum vörum og þjónustu á markaði og efla um leið umhverfisvitund almennings.



Í lok árs 2014 var haldin stór norræn vinnustofa á Íslandi þar sem reynt var að sjá fyrir næstu 25 ár Svansins. Í vinnustofunni tóku þátt m.a. fulltrúar frá norrænu ráðherranefndinni, hagsmunasamtökum atvinnulífsins, verslun og iðnaði og fulltrúar ungra neytenda frá öllum Norðurlöndunum. Þátttakendur á ráðstefnunni voru sammála um að Svanurinn stæði sterkum fótum sem eitt af virtustu og áreiðanlegustu umhverfismerkjum heims og að Svanurinn gæti nýst við að takast á við umhverfisvandamál framtíðarinnar.

Niðurstöður vinnustofunnar gáfu til kynna að mikilvægt er að hafa í huga stöðu Svansins í alþjóðavæddu samfélagi

þar sem tækniþróun er hröð og þörfin fyrir sveigjanleika er mikil. Með farteskið fullt af reynslu og hugann fullan af möguleikum fer Svanurinn sterkur inn í næstu 25 ár.

Þrír nýjir leyfishafar

Á afmælisárinu 2014 bættust þrjú íslensk fyrirtæki í ört stækkandi hóp Svansfyrirtækja, en það voru ræstingarfyrirtækin Bónbræður og Allt hreint ásamt Hótel Fljótshlíð. Í dag eru sjö hótel og farfuglaheimili með Svaninn, sjö ræstingarfyrirtæki, tíu prentsmiðjur og þrjú fyrirtæki í veitingarekstri.

Kynning á Svaninum

Í byrjun árs 2015 var þekking á Svaninum metinn með MMR spurningarkönnun. Niðurstaðan sýnir að 79% Íslendinga þekkja Svansmerkið í sjón og hefur þessi tala aukist hratt undanfarin ár. Hins vegar eru einungis færri sem nefna Svaninn þegar þau eru beðin um að nefna eitthvert umhverfismerki.

Svanurinn vill blása til sóknar og auka enn frekar þekkingu á Svaninum meðal Íslendinga. Á árinu 2015 verða því auknar almennar kynningar á Svaninum sem miða að því að gera merkið sýnilegra og auka skilning á því fyrir hvað merkið stendur. Á næsta ári verður svo blásið til samstarfs við leyfishafa og birgja um sameiginlegt kynningarátak til að gera Svansmerkta vöru og þjónustu sýnilegri í samfélaginu.

Svanurinn fyrir umhverfi og heilsu



www.svanurinn.is
[facebook/svanurinn](https://facebook.com/svanurinn)

Innkaupanetið - nýtt tækifæri fyrir framsækin fyrirtæki

Nýverið var Innkaupanetið stofnað sem félagsskapur fyrirtækja sem vilja minnka umhverfisáhrif sín með því að leggja áherslu á vistvæn innkaup og gera árangurinn sýnilegan. Fyrirtæki í Innkaupanetinu styðjast við umhverfismerkingar í innkaupum er varða rekstur fyrirtækisins, enda er það einföld leið til að tryggja að varan uppfylli umhverfis- og gæðakröfur.

Þátttakendur í Innkaupanetinu fara í gegnum innkaupamál sín með tilliti til leiðbeininga sem þau fá hjá Umhverfisstofnun, til að mynda setja sér innkaupastefnu og semja innkaupareglur. Þau taka saman upplýsingar um magn umhverfismerkra vara í nokkrum flokkum rekstarvara á ári hverju, fylgjast með árangri og leggja sig fram við að bæta sig á milli ára. Meðlimir í Innkaupanetinu fá að nota merki Innkaupanetsins á heimasíðu sinni og fá kynningu á heimasíðu Innkaupanetsins.

Eftirfarandi fyrirtæki hafa þegar skráð sig til leiks:



UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ



Innkaupanetið

Við veljum umhverfismerkt

Áhugasamir um Innkaupanetið geta lesið sér til um verkefnið á: <http://ust.is/atvinnulif/svanurinn/innkaupanet/> eða haft samband.



Ágætis byrjun



Hormónaraskandi efni hafa verið mikið í umræðunni undanfarið og því er gleðilegt að segja frá því að verkefnið *Ágætis byrjun* er að fara af stað aftur. Verkefnið snýst um að kynna Svaninn fyrir nýbökuðum og verðandi foreldrum og hvetja foreldra til að nota umhverfismerki sem hjálpartæki við vöruval. Með því að velja umhverfissvottaðar vörur fram yfir aðrar tekur maður sjálfur stjórnina og velur í auknum mæli hvaða efni maður kemst í snertingu við.

Verkefnið fór fyrst af stað árið 2011 og var 5000 bómullarpokum með fræðslubæklingi og Svansvottuðum vöruprufum fyrir ungarbörn dreift á tveimur árum. Mikil ánægja var með verkefnið, bæði meðal foreldra og þeirra fjölmörgu aðila sem tóku þátt í að dreifa pokunum. Stefnt er að því að byrjað verði að dreifa pokunum í vor.

Starfsmenn Svansins

Elva Rákel Jónsdóttir (elva@umhverfisstofnun.is),
Anna Sigurveig Ragnarsdóttir (anna.ragnarsdottir@umhverfisstofnun.is)
Guðrún Lilja Kristinsdóttir (g.lilja.kristinsdottir@umhverfisstofnun.is).

Fyrir almennar fyrirspurnir bendum við á ust@ust.is.

Svanurinn fyrir umhverfi og heilsu